

**L Ö G**

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

1. mgr. 18. gr. orðist svo:

Kosningarrétt til sveitarstjórna hafa allir, sem:

- a. eru 20 ára að aldri, þegar kosning fer fram,
- b. eru íslenzkir ríkisborgarar, eða hafa jafnan rétt við þá,
- c. eru eigi sviptir löggræði.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. desember 1967.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Eggert G. Þorsteinsson.*

**L Ö G**

um Bjargráðasjóð Íslands.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Bjargráðasjóður Íslands er sjóður til hjálpar landsmönnum í hallæri, til að koma í veg fyrir bjargarskort, og til að bæta úr stórtjóni á mannvirkjum og búfé af völdum náttúruhamfara og sjúkdóma, allt eftir þeim reglum, sem gilda um einstakar deildir sjóðsins. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

**2. gr.**

Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir: sameignardeild, séreignardeild sýslu- og bæjarfélaga og afurðatjónadeild landbúnaðarins.

**3. gr.**

Hlutverk sameignar- og séreignardeildar er að hjálpa landsmönnum í hallæri og afstýra neyðarástandi, enn fremur bæta úr stórtjóni á mannvirkjum og búfé af völdum náttúruhamfara.

Það er hallæri, ef sveitarfélög verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að þau megna ekki af eigin rammleik að forða mönnum eða skepnum frá harðrétti eða fellu.